

Íslandsmót kjölbáta
Siglingaklúbburinn Þytur
11-15 ágúst 2021
Hafnarfjörður og nágrenni

TILKYNNING UM KEPPNI

1 REGLUR

- 1.1 Keppt verður samkvæmt reglum sem tilgreindar eru í *Alþjóða kappsiglingareglum*.
- 1.2 Kappsiglingafyrirmæli mótsins og SÍL gilda einnig. Keppendur þurfa að taka tillit til þeirra sötvarntakmarkana sem kunna að verða í gildi á tímabilinu.
- 1.3 Keppnin verður ekki haldin ef keppnisstjórn hefur ekki yfirsjón yfir keppnissvæðið vegna skerðingar á skyggni.
- 1.4 Ef tungumálum ber ekki saman skal enska útgáfa textans gilda.
- 1.5 Þegar regla 20 gildir, má bátur gefa til kynna þörf fyrir rúm til að stagvenda t.d. með kalli eða bendingum.

2 KAPPSIGLINGAFYRIRMÆLI

- 2.1 Kappsiglingafyrirmælin verða aðgengileg eftir klukkan 12 7. ágúst á heimasíðu Þyts, sailing.is.

3 SAMSKITPI

- 3.1 Keppnisstjórn birtir upplýsingar á heimasíðu www.sailing.is og eða á upplýsingatöflu í húsnæði Þyts.
- 3.2 Keppnisstjórn notar rás 71 fyrir öll samskipti
- 3.3 Á meðan á keppni stendur (tekur gildi við fyrsta viðvörunarflaut) mega keppendur ekki nota talstöðvar eða önnur samskiptatæki nema í neyðaratilvikum og ef allir keppendur fá sömu upplýsingar. Þessi takmörkun gildir einnig um farsíma

4 HLOTGENGI OG ÞÁTTTAKA

- 4.1 Mótið er opið öllum bátum með gilt IRC forgjafarskírteini í forgjafakeppni
- 4.3 Hlutgenga báta má skrá með því að senda eftirfarandi upplýsingar ásamt staðfesingu á greiðslu skráningargjalds til sailing@sailing.is fyrir 10. ágúst 2021:
Nafn báts, nöfn, kennitölur og félög skipstjóra og áhafnar, símanúmer skipstjóra, seglanúmer, forgjöf og félag sem keppt er fyrir. Taka skal fram þann fjölda keppenda sem verður um borð.
- 4.4 Skráning telst ekki gild fyrr en öllum skráningarskilyrðum er fullnægt og þáttökugjald hefur verið greitt.
- 4.5 Skráning að fresti liðnum verður heimiluð fram að skipstjórafundum gegn 100% álagi.

5 ÞÁTTTÖKUGJALD

- 5.1 Áskilin gjöld eru eftirfarandi: Þáttökugjald á hvern áhafnarmeðlim er 4.000kr. Þáttökugjald eftir að skráningarfrestur er liðinn er 8.000kr.

5.2 Önnur gjöld: Boðið verður upp á veitingar ef sóttvarnar reglur heimila en greitt er fyrir þær sérstaklega.

6 TAKMARKANIR UM ÁHÖFN

6.1 Eftirfarandi takmarkanir gilda um fjölda í áhöfn: Fjöldi áhafnar meðlima er samkvæmt reglum IRC og forgjafarskírteinis.

6.2 Heimilt er að skrá varamenn í áhöfn, greitt er fyrir hámarksfjölda á bát. Ekki er greitt sérstaklega fyrir varamenn.

7 AUGLÝSINGAR

7.1 Bátar gætu þurft að sýna auglýsingar sem skipuleggjendur velja og láta í té.

7.2 Skipuleggjendur geta skaffað fatnað með auglýsingum sem keppendur skulu bera eins og heimilað er í auglýsingareglum World Sailing.

8 BRYGGJUPLÁSS

8.1 Þytur útvegar viðleguþláss fyrir þáttakendur frá föstudeginum 6. ágúst til þriðjudagsins 17. ágúst.

9 TÍMAÁÆTLUN

9.1 Skráningu skal lokið fyrir skipstjórafund.

9.2 Mælingar og skoðun fer fram strax að loknum skipstjórafundum ef keppnisstjórn óskar eftir því.

9.3 Keppnis dagar / dagskrá:

Miðvikudagur 11. ágúst. Skipstjórafundur kl 18:00. Áætlaðar tvær keppnir

Fimmtudagur 12. ágúst. Skipstjórafundur kl 18:00. Áætlaðar tvær keppnir

Föstudagur 13. ágúst Skipstjórafundur kl 18:00. Áætlaðar tvær keppnir

Laugardagur 14. ágúst Skipstjórafundur kl 09:00. Áætlaðar fjórar keppnir

Sunnudagur 15. ágúst keppnisdagur til vara

9.4 Fjöldi keppna er áætlaður 10.

9.5 Áætlaður tími fyrir viðvörunarmerki fyrir fyrstu keppni hvers dags er 60 mínútum eftir upphaf skipstjórafundar.

9.6 Á síðasta áætlaða keppnisdegi verður ekki gefið viðvörunarmerki eftir kl 15:00

10 MÆLINGAR OG SKOÐUN

10.1 Leggja skal fram gilt IRC forgjafarskírteini fyrir hvern bát.

11 STIGAGJÖF

11.1 Notað er lágstigakerfi skv A4.1 í viðauka A

11.2 Ljúka þarf 5 umferðum til að keppni teljist lokið.

11.3 (a) Þegar færri en 5 umferðum hefur verið lokið telst samanlögð stigatala úr umferðunum

sem heildarstigatala í keppninni.

(b) Þegar lokið hefur verið við 6 umferðir telst samanlögð stigatala úr umferðunum, að undanskilinni lökustu umferðinni, sem heildarstigatala í keppninni.

12 TAKMARKANIR Á AÐ BÁTAR SÉU TEKNIR Á LAND

12.1 Kjölbátar skulu ekki teknir á land á meðan mótið stendur yfir nema að fengnu skriflegu leyfi keppnisstjórnar og í samræmi við þá skilmála sem þar eru tilgreindir.

13 KÖFUNARBÚNAÐUR OG PLASTLAUGAR

13.1 Ekki skal nota öndunarbúnað til notkunar neðansjávar og plastlaugar eða samsvarandi búnað við kjölbáta frá því að undirbúningsmerki fyrir fyrstu keppni er gefið og þar til móti lýkur.

13.2 Óheimilt er að þvo kjölbáta undir vatnslínu á keppnistíma frá því að mót hefst til loka móts.

14 PERSÓNUVERND

14.1 Með skráningu í keppni heimila þátttakendur myndbirtingar á vegum keppnishaldara og SÍL ásamt birtingu úrslita.

15 TAKMÖRKUN ÁBYRGÐAR

15.1 Keppendur sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá reglu 3, Ákvörðun um að keppa. Skipuleggjendur firra sig allri ábyrgð vegna skemmda eða líkamstjóns eða dauðsfalla í tengslum við eða fyrir eða eftir keppni eða á meðan keppni stendur án tillits til orsakatengsla.

16 TRYGGINGAR

16.1 Hver bátur skal vera tryggður með gildri ábyrgðartryggingu.

17 VERÐLAUN

17.1 Verðlaun verða veitt fyrir fyrstu 3 sætin

18 FREKARI UPPLÝSINGAR

18.1 Frekari upplýsingar veitir Markús Pétursson, sailing@sailing.is / 8410457